

**Nr. 087 / 13 Þór HF 4*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2549 IMO nr. 9158185  
Smíðaður: Frederikshavn Danmörku, 1998  
Stærð: 1094 brl. 1999 bt.  
Mesta lengd: 57,8 m Skráð lengd: 51,02 m  
Breidd: 13,5 m Dýpt: 8,12 m  
Vél: MAN B&W Alpha 2940 kW, 1998  
Fjöldi skipverja: 26



þór©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 13. júní 2013 var Þór HF 4 á togveiðum á Vestfjarðamiðum skammt út af Patreksfjarðarflóa. Veður: Hægviðri og þoka.

Vélstjóri var að skipta um dæluhjól í brunndælu á vinnsluþilfarinu. Þegar prófun eftir viðgerðina var lokið gekk hann aftur í vélarúm til að rjúfa straum af búnaðinum. Á meðan gekk skipverji, sem einnig var vélstjóri, aftur þilfarið en missti hníf sem rann út í síðu og út fyrir austurbrunninn þar sem viðgerð við brunndælu stóð yfir. Hann beygði sig niður, lagði hægri hendi á dæluna, sér til stuðnings, og teygði sig í hnífinn. Þegar hann var að rétta sig aftur upp með hnífinn í hendinni fór dælan í gang og klippti framan af þeim fingrum sem dæluhjólíð náði til.

Slasaði fór strax upp í brú þar sem búið var um sár hans. Voru veidarfæri innbyrt og haldið þegar til Patreksfjarðar.

***Við rannsókn kom fram:***

- að slasaði sagði að hann hefði séð að verið var að gera við dæluna og þá talið að ekki væri straumur á henni. Hann taldi að hún hefði verið stopp þegar hann lagði höndina á dæluhúsið;
- að brunndælan sem verið var að gera við hékk í ákjósanlegri hæð í keðjutalú þannig að neðri hluta hennar var lyft meira upp og var hún í nær láréttri stöðu til að auðvelda aðkomu að dæluhjólínu meðan á viðgerð stóð. Eftir viðgerðina

og prófun sagðist vélstjórinn hafa slakað dælunni til hálfis niður áður en hann fór aftur í til að taka strauminn af svo hann gæti komið henni endanlega fyrir í brunninum;

- að dælan er af gerðinni Flygth (hakkari) og stjórnað af þrýstirofa frá Danfoss sem fær boð, í gegnum ryðfrítt stálrör, um austurstöðu í brunninum. Rafstraumur til dælnnar fer í gegnum tímaliða sem rífur straum eftir fyrirfram ákveðinn tíma. Vélstjóri sagðist ekki hafa upplýsingar um hvort tímaliðinn hleypi straum á dæluna strax eftir að þrýstirofinn gefur merki um austur eða seinki straumgjöf til dælnnar;
- að fram kom hjá skipstjóra að honum fannst óeðlilegt að ekki væri hægt að rjúfa straum að dælunni við hana sjálfa.

### *Nefndarálit:*

Orsök slyssins var óvarkárni slasaða.